

Skýrsla æskulýðsnefnda
hestamannafélaganna í

Skagafirði



2015

Síðasta vetur buðu hestamannafélögin í Skagafirði, Léttfeti, Stígandi og Svaði saman upp á reiðnámskeið fyrir börn, unglunga og ungmenni á félagssvæði sínu. Þetta er orðið að fastri venju að félögin starfi sama að barna og æskulýðsstarfi sínu.



Boðið var upp á reiðnámskeið á virkum dögum og um helgar fyrir börn, unglunga og ungmenni. Á virkum dögum mættu börn, unglingar og ungmenni sem hafa verið á reiðnámskeiðum síðustu vetur og eru lengra komin, og um helgar mættu yngstu knaparnir, byrjendur og minna vön og þau sem ekki gátu mætt á virkum dögum. Á námskeiðinu á virkum dögum var í fyrsta skifti boðið upp á Knapamerki 1 og 2 fyrir þau sem höfðu aldur til og áhuga og gátu lokið þeim með prófi.





Undirbúningur fyrir vetrarstarfið hófst í október þá var auglýst eftir reiðkennurum til að hafa yfirumsjá með kennslu í Knapamerkjum og á námskeiðunum á komandi vetri, bæði virka daga og um helgar. Til starfa voru ráðnar Hafdís Arnardóttir reiðkennari og leiðbeinendurnir Helga Rósa Pálsdóttir Þormar og Valdís Ýr Ólafsdóttir.



Kennsla hófst í janúarlök og stóð út marz. Kennt var tvisvar í viku á virkum dögum í 10 vikur og var þátttakendum skipt í hópa eftir getu. Þeir krakkar sem tóku Knapamerki 1 og 2 sóttu að auki bóklega tíma sem skotið var inn í á virkum dögum og í lok námskeiðs luku þau svo prófi í bóklegu og verklegu og var prófdómari Lina Eriksson. Helgarkennslan hófst seinna og voru kenndar 3 helgar, bæði laugardag og sunnudag, þar mættu ungir knapar sem eru að byrja sína hestamennsku sem og lengra komnir.





Í lok námskeiðs var farið í útreiðatúr þar sem allir þátttakendur úr kennslunni á virkum dögum og um helgar komu saman með kennurum og foreldrum og riðinn var stór hringur frá hesthúsaferfinu og niður í fjöru. Tókst það mjög vel, þó svo að það hafi verið ansi vindasamt þennan dag og létu krakkarnir veðrið ekki á sig fá og riðu í sjóinn og höfðu mjög gaman af. Þegar allir voru komnir tilbaka var farið í leiki inni í reiðhöll og að þessu loknu var pizzuveisla í Tjarnarbæ. Að henni lokinni fengu öll börnin 38 að tölu, smá glaðning fyrir þátttöku vetrarins og þau sem luku Knapamerkjunum fengu viðurkenningarskjal og nælu. Krakkarnir voru 8 sem luku bæði Knapamerki 1 og 2 og 4 börn sem luku Knapamerki 1.





Laugardaginn 2. Maí var svo haldin stórsýning í reiðhöllinni Svaðastaðir fyrir foreldra og aðra þar sem börnin sýndu munsturreið sem þau höfðu teiknað upp, valið lög við og æft undir leiðsögn kennara sinna og var vel mætt á pallana og gaman að sjá framfarirnar hjá þeim. Einnig sýndu eldri börnin sitt atriði á sýningunni Tekið til kostanna sem fram fór í apríl.



Fyrir hönd æskulýðsnefnda hestamannafélaganna

Guðrún Margrét Sigurðardóttir
Hafdís Arnardóttir
Helga Rósa Pálsdóttir Þormar
Kristín Brynja Ármannsdóttir
Rósa María Vésteinsdóttir
Rúnar Páll Hreinsson

